

Páll M Skúlason, aðstoðarskólameistari

Annáll skólaársins 2011-2012

Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir.

Það er óvenju margt sem þörf væri á að fjalla um í annál skólaársins, en nútíminn kallar á styttingu talaðs máls og því tæpi ég aðeins á því helsta. Skólinn var settur 24. ágúst. Haustannarprófum lauk 19. desember, vorönn hófst 4. janúar og reglulegum vorannarprófum lauk 18. maí.

Eins og síðustu ár var skólinn fullsetinn, en 167 nemendur hófu nám s.l. haust, 80 piltar og 87 stúlkur, - 53 í 1. bekk, 43. í öðrum, 36 í þriðja og 35 í 4. bekk. 164 nemendur gengust undir vorannar- og stúdentspróf.

Í dag eru brautskráðir 32 stúdentar af þrem námsbrautum: 14 af félagsfræðabraut, 3 af málabraut og 15 af náttúrufræðabraut.

Það voru 38 starfsmenn sem lögðu sitt af mörkum í skólanum í vetur – 20 við kennslu og skólastjórnun og 18 sem sinntu öðrum störfum.

Á haustmánuðum fékk skólinn heimild til að flagga grænfánanum og hóf einnig þátttöku í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Í því sambandi komu gulrófur nokkuð við sögu – annarsvegar þegar nemendur gæddu sér á gjöf frá gulrófnabændum og hinsvegar þegar gulrófan gengdi hlutverki skálar undir heilsuskyndibita, sem 2N og Jóna Björk Jónsdóttir, líffræðikennari, tóku þátt í að útbúa, og sem var framlag þeirra í norrænni samkeppni. Rétturinn komst í úrslit.

Árlegur kynningardagur skólans var haldinn í nóvember, en honum lauk með söngkeppninni Blítt og létt, þar sem Bryndís Gígja Gunnarsdóttir sigraði.

Þjóðbjörg Eiríksdóttir frá Gýgjarhólskoti, tók þátt í stærðfræðikeppni og varð í einu af efstu sætunum. Nafn hennar ber væntanlega á góma síðar í þessari athöfn.

Skólinn tók þátt í Morfís ræðukeppninni fyrsta sinni í vetur og náði lið skólans ágætum árangri, undir stjórn Valgarðs Reynissonar, sögukennara.

Aðalbjörg Bragadóttir, íslenskukennari, hélt utan um starfsendarannsóknir, en í vetur var annað ár þess verkefnis.

Í lok janúar var kosið til nýrrar forystu í Mími. Helgi Ármannsson frá Vesturholtum í Þykkvabæ er nýr stallari. Kjör Helga er sögulegt þar sem þrír eldri bræður hafa áður gegnt þessu embætti.

Það gerðist dag einn í lok janúar, að skyndilegt óveður varð til þess að skólahald var felld niður til hádegis, en það er, eins og hver maður getur ímyndað sér, fáheyrt í heimavistar skóla.

Í frétt af óveðrinu á heimasíðu skólans var birt mynd af pilti í samfestingi. Þessi myndbirting hafði það í för með sér, að heimasíða skólans fór á hliðina um stund vegna álags. Þarna var ekki síst um að ræða heimsóknir gríska meyja sem hrifust af samfestingsklæddum piltinum á myndinni. Heimsóknir á síðuna urðu ríflega ríflega 20000 á skömmum tíma. Undir nútíma fjölmiðlunar.

Sem fyrr var líf og fjör í kringum Dagamun, Dollann og Árshátíð. Þessu sinni varð úr að halda árshátíð skólans í félagsheimilinu á Flúðum, ekki síst vegna þrengsla í matsal skólans. Þessi nýbreytni tókst einstaklega vel. Jóhanna Ýr Bjarnadóttir, árshátíðarformaður, lét sér ekki nægja að undirbúa og stjórna árshátíðinni af skörungsskap, heldur samdi hún einnig árshátíðarleikritið „Þjóðsögu af Þjófi“ og leikstýrði, en það var sýnt fjórum sinnum.

Gríma Guðmundsdóttir, frönskukennari, hélt til Parísar rétt fyrir páska með 11 nemendur eins frönskuáfangans, en þeir söfnuðu fyrir ferðinni með ýmsum hætti. Í París teyguðu ferðalangarnir í sig franska menningu og hinn franska tón.

Þann 4. maí var dimissio haldin með hefðbundnum hætti og við tóku prófin, sem gengu áfallalaust þar til kom að síðasta prófdegi. Á þeim morgni sagði skólameistari í símtali, þar sem undirritaður tilkynnti sig ófæran um að fara til vinnu sökum næturlangrar magakveisu, og þar sem fram kom að sama staða væri uppi í Garði: „Nú verðum við að hugsa hratt!“ Hringingar leiddu fljótlega í ljós að ástandið var með svipuðum hætti hjá stórum hluta þeirra starfsmanna sem koma að prófhaldi með einhverjum hætti og talsverðum hluta nemenda einnig. Þarna reyndust sumir harðari af sér en aðrir. Með góðri hjálp ýmissa Laugvetninga tókst að halda prófið þennan morgun, en ítarlegar frásagnir af ástandinu eiga varla heima á hátíðastund sem þessari.

Ég læt þá staðar numið þótt margt fleira eigi erindi í þennan annál. Ég vil þakka samstarfsmönnum og nemendum fyrir indælt samstarf.

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur á vorönn kom fram að 90 prósentum þeirra líður, almennt séð, frekar vel eða mjög vel. 95% segjast eiga fleiri en einn góðan vin í skólanum. 83% telja sig fá að vera eins og þeir eru í skólanum. 90% segja það henta sér vel að búa á heimavist. Auðvitað kom ýmislegt fram í þessari könnun sem við þurfum að skoða nánar, en almennt virðist það umhverfi sem skólinn skapar nemendum, stuðla að því að þeim líði bara í stórum dráttum vel.

Ágætu verðandi nýstúdentar

Það getur tekið á að búa á heimavist í fjóra vetur, en það eflir menn í ýmsu. Þar má nefna sjálfstæði, færnina til að setja sig í spor annarra og þann sérlega jákvæða eiginleika, að sjá mál frá ólíkum hliðum.

Frá haustinu 2008 má segja, að þættir eins og þessir hafi farið talsvert forgörðum í samfélaginu. Við gerum meira af því að hrópa hvert á annað, en að hlusta og reyna að finna sameiginlegan flöt.

Laugvetningar **eiga** að búa yfir þeim þáttum sem geta fært umræðuna í uppbyggilegri átt.

Þið eruð nú jafn misjöfn og þið eruð mörg og farið nú hvert í sína áttina. Árin hér munu þó ávallt verða sá þáttur sem þið eigið sameiginlegan. Megi þau verða ykkur leiðarljós um góða ævi.

Bestu þakkir fyrir samstarfið.